Náttúrutilvísanir

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Í vestri sal Kjarvalsstaða og gangi er á ferð samnorræn sýning, sem norrænu bændasamtökin standa að, og verkunum var ætlað að vera í tengslum við móður jörð.

Kjarvalsstaðir eru síðasti áfangi sýningarinnar, en hún hefur gist öll Norðurlöndin nema Færeyjar og Álandseyjar.

Þrátt fyrir að jafn gróin og íhaldssöm samtök standi á bak við sýninguna og ætla má að norrænu bændasamtökin séu, er hún öðru fremur listfræðileg framkvæmd með skírskotun til samtímalistar. Þannig séð er hún í litlu frábrugðin þeim sýningum, sem menn eru vanir að fá frá Norrænu menningarmiðstöðinni í Svíaríki. Mega menn taka það sem gagnrýni eða hrós, allt eftir því hvernig á málin er litið.

Enginn er hér að auglýsa eftir íhaldssemi eða útnesjamennsku í myndlist, og það er í sjálfu sér áhugavert að fylgjast með því sem framsæknir myndlistarmenn á Norðurlöndum eru að fást við í beinum tengslum við náttúruna.

En í þessu tilviki eru þeir of fáir og innbyrðis með of keimlíkar myndir þannig að skoðandinn fær litla innsýn í hvað raunverulega er gert á þessu sviði í löndunum, frekar örlitla stikkprufu. Það er líkast sem þeim er sáu um valið komi slíkt harla lítið við, og svo vantar líka Færeyinga, sem eru í mjög beinum og sterkum tengslum við náttúruna í myndverkum sínu, jafnvel í þeim tilfellum að þau eru alveg óhlutlæg eins og t.d. er tilfellið með Ingálf av Reyni. Þar fyrir utan eru þetta einnig vel kunn nöfn hjá þeim sem eru eitthvað inni í norrænni myndlist, en það vantar ýmsa þá sem vakið hafa mikla athygli á undanförnum árum, t.d. frá Danmörku.



Kain Tapper, Finnlandi „Blökk form“ 1991.

Samnorrænar sýningar eiga að mínu mati síður að hafa svip af einhverri markaðssetningu ákveðinna listamanna og útbreiðslu þröngrar tegundar af listheimspeki. Frekar er skylda að miðla að því sem með réttu hefur vakið athygli. En það er eins og frekar sé verið að auglýsa hverja norrænar listamiðstöðvar hafa tekið upp á arma sér, og eru í náðinni hjá þeim sem þar eru í forsvari, burtséð frá því hvaða athygli viðkomandi hafa annars vakið.

Það er mikill misskilningur að forsvarsmenn opinberra listamiðstöðva eigi að fara í fót listhúsaeigenda heimsborganna, sem eru að troða sínum mönnum á markaðinn. Sú stefna hefur beðið algjört skipbrot sbr. aðsókn á sýningar sem norrænir sérfræðingar hafa staðið að.

Við blasa galtómir salir er inn á þær er komið, á sama tíma og margar aðrar stærri sýningar draga að sér múg og margmenni og eru þó sumar mun framúrstefnulegri. En um leið og fólk finnur á sér, að verið er að hugsa fyrir það frekar en að miðla verðmætri list, snýr það umsvifalaust baki við framkvæmdunum.

Ef ekki tekst að vekja áhuga fólks, þá eru menn í vondum málum, og vísa skal til þess, að þeir sýningastjórar eru nafnkenndastir í listheiminum, sem tekist hefur að laða flest fólk að söfnunum og stórsýningum. En þá eru menn líka ráðnir fyrir augljósa hæfni við samsetningu sýninga, en ekki fyrir einhverjar prófgráður sem þeir eru með handa á milli um, eða heiti starfsvettvangs þeirra.

Þetta voru þær hugleiðingar sem sóttu mjög á eftir þrjár yfirferðir á sýninguna að Kjarvalsstöðum, sem ber yfirskriftina „Hvað náttúran gefur“. Í fyrstu heimsókn á sunnudegi voru örfáar hræður, en í seinni tvö skiptin voru salirnir galtómir.

Samt hafa húsakynnin gengið í gagnum andlitslyftingu undanfarið og er margt til mikilla bóta t.d. kaffistofan, þó ekki sé hún jafn stássleg og mikil um sig og hin fyrri í upphafi. Prýðilegt leshorn er komið í austurganginn með úrvali listtímarita auk þess að dagblöðin liggja þar frammi, jafnvel norræn dagblöð og það er stórfínt.

En enn vantar dálítið á til að húsakynnin séu nægilega hlýleg og auki staðnum aðdráttarafl, t.d. er aðkoman frámunalega hrá og kuldaleg.

Almennt upplýsingastreymi hefur þannig aukist til muna, en þá er einnig komið að því að þessum þætti er mjög ábótavant varðandi umrædda sýningu. Venjan er um farandsýningar sem þessa, að blaðaúrklippur frá stöðunum sem þær hafa gist liggi frammi gestum til glöggvunar og fróðleiks.

Svo var einmitt í sambandi við eina Borealis sýningu á staðnum fyrir nokkrum árum, og var vel þegið, enda sá ég marga vera að blaða í þeim. En þá kom reyndar í ljós að sýningin hafði víðast hlotið afleita dóma og dræmar undirtektir, og kannski er það ástæðan til þess að jafn sjálfsagðri þjónustu var hætt. En á maður virkilega að trúa því? og ef svo er, þá eru menn illa settir.

Að fenginni reynslu tekur maður flestu með fyrirvara, sem opinberlega er haldið að manni um slíkar framkvæmdir og undirtektir þeirra.



John Olsen, Danmörk „Assemblage“ 1991.

Sjálf sýningin „Hvað náttúran gefur“, reynist svo mun betri en í fljótu bragði má ætla, því að hún tekur skoðandann ekki með stormi, eins og stundum er orðað, þvert á móti naut ég hennar best við þriðju yfirferð og þótti mér sem ég hefði ekki séð hana í réttu ljósi fyrr. En það breytir í engu þeirri skoðun minni, að sýning er ber slíka yfirskrift þurfi að vera mun skilvirkari og forvitnilegri fyrir hinn almenna skoðanda, því að væntanlega er hún einnig fyrir almenning.

Fráleitt er að hugsa slíka sýningu einungis fyrir innvígða og sem rós í hnappagat útvalinna á leið þeirra til meiri frama.

Sýningunni er ekki sérlega vel fyrir komið, enda rýmið hvergi nógu sveiganlegt og því hafa sum verkanna ekki nauðsynlega nánd strax við fyrstu skoðun. Þau virka einmitt eitthvað svo fjarlæg og óaðgengileg sum hver.

Þannig naut ég fyrst til fulls mynda hins ágæta finnska listamanns *Kains Tappers* (f. 1930) í þriðju heimsókn. Að vísu skynjaði ég sterk áhrif frá Spánverjanum Antoni Tapies, en um leið eitthvað af Finnlandi eins og ég þekki það. Og er ég var að rýna í hinn stóra fristandandi tréskúlptúr, náði ég loks sterku sambandi við málverk landa hans *Jukkas Makelas* (1949) og varð sáttari við málverk Norðmannsins *Kjells Nupens* (1955), sem virðist seintekinn. Þá er einnig mun meira spunnið í verk *Lars Strunkes*, (1931) sem er fæddur í Lettlandi, en í fljótu bragði virðist, og á lýsing og staðsetning nokkra sök á því.

Drjúga athygli vekur Assemblage (myndverk úr samsafni ýmiss konar hluta), verk Danans *Johns Olsens* (1938) í stórum plastkassa innst í ganginum. Hér hefur listamaðurinn safnað saman alls konar smáhlutum úr náttúrunni og raðað upp á frekar frjálslegan og fyrir sumt óskipulegan hátt. Hin fléttuðu skúlptúrverk *Annetta Holdesen* (1934) eru hluti núlista, sem maður sér víða, og þótt áhugaverð séu drógu þau ekki að sér athygli mína nema að litlu leyti. Hinar bernsku myndir *Hans Wigerts* (1932) skera sig úr á sýningunni og rjúfa hana að nokkru og því hefði hann þurft sérstakt afmarkað rými. Milli mynda hans og hinna ríkir óþægileg togstreita og myndir hans vinna ekki á því.

Tilvísanir Bards Breiviks (1948) eru mjög hugmyndafræðilegs eðlis og minna á þá hlið núlista að gera föndur að gildri list, en hér hefði upsetningin mátt vera hnitmiðaðri og búa yfir meiri nánd.

Íslendingarnir falla vel inn í þennan hóp og beri maður litljósmynd af skúlptúrverki *Jóhanns Eyfells* (1923) í sýningarskrá, saman við sama verk á hinum gráum hellum að baki Kjarvalsstaða, og að auki í gráu febrúarveðri, sér maður ástæðuna fyrir því hve það nýtur sín illa.

Hin fimm stóru málverk *Gunnars Arnar* (1946) eru svo keimlík í lit og útfræslu að þau draga máttinn hvert úr öðru og tel ég að hann hefði komið sterkar frá sínum hlut með þrem hrifmestu. Litaspilið er áhugavert en formræn útfærsla mjög á reiki.

Formálar þeirra sem völdu verkin eru mjög fræðilegir, en höfundirnir fara full mikið inn á svið fortíðarinnar og þess sem ekki sér stað að neinu leyti á sýningunni og fólk á Norðurlöndum þekkir yfirleitt ekki hætishót til. Þeir hefðu gjarnan mátt halda sig meira við sjálf verkin sem til sýnis eru. Þá gefa aðfaraorð og formáli tilefni til að meira hefði verið lagt í sýninguna og við lestur þeirra verður útkoman enn snubbóttari.

Sýningarskráin er annars ágæt en þó dálítið ruglingsleg, mætti vera skilmerkilegri og að auki vantar tilfinnanlega myndir af þeim sem völdu fulltrúa landanna, en þeir eru auðvitað mikilsverður hluti sýningarinnar!

Bókhalds-nám

Markmið námsins er að þátttakendur verði fullfærir um að starfa sjálfstætt við bókhald og annast það allt árið.

Þeim sem ekki hafa kynnst bókhaldi gefst kostur á sérstöku grunnnámskeiði.

Á námskeiðinu verður eftirfarandi kennt:

- ★ Almenn bókhaldsverkefni
- ★ Launabókhald
- ★ Lög og reglugerðir
- ★ Virðisaukaskattur
- ★ Raunhæf verkefni, fylgiskjöl og afstemmingar
- ★ Tölvubókhald: Fjárhagsbókhald Viðskiptabókhald Launabókhald

Námskeiðið er 72 klst. Innifalin er 15.000,- kr. ávísun til kaupa á bókhaldshugbúnaði. Innritun er þegar hafin. Bjóðum upp á bæði dag- og kvöldnámskeið.

Tölvuskóli Reykjavíkur
Borgartúni 28, sími 91-687590

ÍS-MÚS

Tónlist

Jón Ásgeirsson

Ís-Mús nefnist tónlistarframtak Ríkisútvarpsins og nú í ár voru tvennir tónleikar og fyrirlestrar haldnir dagana 27. og 28. febrúar. Ís-Mús hátíðin hófst með tónleikum í Hallgrímskirkju með orgelleik Harðar Áskelssonar og kórsöng Hamrahlíðarkórsins undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur og flutt var af Sinfóníuhljómsveit Íslands tónverkið Ruminahui eftir Alvaro Manzano frá Ekvador undir stjórn höfundar. Auk tónleikahalds voru fluttir fyrirlestrar um íslenska tónlistarsögu af dr. Önnu Magnúsdóttur og Hilmar Þórðarson tónskáld fjallaði um tónlist í Bandaríkjunum á 20. öld.

Hátíðinni lauk með tónleikum í Listasafni Íslands sl. sunnudag. Á efnisskránni voru tónverk eftir Alban Berg, Þorkel Sigurbjörnsson, Atla Heimi Sveinsson og Mariu De Alvear frá Spáni en hún, dr. Wolfgang Becker frá Þýskalandi, Guy Hout frá Frakklandi og fyrrnefndur Alvaro Manzano voru gestir hátíðarinnar. Flytjendur á sunnudagstónleikunum voru Anna Guðný Guðmundsdóttir, Sigurður I. Snorrason, Martial Nardeau, Maria De Alvear og strengjasveit Íslensku hljómsveitarinnar undir stjórn Guðmundar Emilssonar.

Fyrsta verkið var fjórir þættir fyrir klarinett og píanó eftir Alban Berg, sem voru sérlega fallega fluttir af Sigurði og Önnu Guðnýju. Þá flutti Martial Nardeau einleiksflautuverkið Kalais eftir Þorkel Sigurbjörnsson. Nardeau er hreinn galdramaður á flautuna sína og var leikur hans stórkostlegur. Píanótónverkið Mengi eftir Atla Heimi Sveinsson markar ákveðin skil í íslenskri tónlistarsögu og var þetta ágæta verk snilldarvel flutt af Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur.

Lokaverk tónleikanna var fyrir strengjasveit og altsöngkonu eftir Mariu De Alvear og nefnist það Luces. Höfundurinn söng verkið en stjórnandi var Guðmundur Emilsson. Hlutur strengjasveitarinnar var ekki merkilegur vefnaður, aðallega til að styðja við textaflutninginn, sem var nær eingöngu útfærður í talsöng. Á nokkrum stöðum náði flytjandinn að magna „talseiðinn“ en oft var hann á mörkum fáránleikans, en það þarf líklega sálfræðing til að útskýra merkinguna og markmiðið með niðurlagi textans, sem var „I have the biggest penis in the world“, sem söngkonan hrópaði yfir salinn, en karlmennirnir í hljómsveitinni stóðu upp og svöruðu „Me too“. Það má vera að höfundinn hafi vantað eitthvað til að enda moðsuðuna á, eða ætlað sér að hneyksla, sem misheppnaðist, og þeir, sem finnst þetta uppátæki ekkert sniðugt, séu aðeins leiðir yfir því að geta ekki tekið undir með körlunum í hljómsveitinni. Hvað sem þessu gamni líður, var verkið í heild ekki áhugavert, þó flutningur söngkonunnar væri stundum skemmtilega óhaminn og oft sérkennilega útfærður.